

## GJALDSKRÁ

**fyrir hunda- og kattahald í Húnaþingi vestra.**

1. gr.

Af hundum í Húnaþingi vestra skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. 10. gr. samþykktar nr. 297/2013 um hunda- og kattahald í Húnaþingi vestra. Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðisskoðun dýralæknis, ormahreinsun og trygging, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald skal vera kr. 5.900 sem greiða á fyrirfram í fyrsta sinn við skráningu hundsins til næstkomandi maímánaðar og síðan árlega 1. maí, fyrir eitt ár í senn. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfi til hundahalds sjálfkrafa úr gildi.

Ef endurnýja þarf merkispjald skal innheimta gjald að upphæð kr. 1.400.

Undanþegnir ofangreindu gjaldi eru þarfahundar á lögbýlum sem og hundar sem notaðir eru til leitar- og björgunarstarfa og hundar sem að læknisráði eru notaðir til aðstoðar blindu fólki eða fötl-uðu.

3. gr.

Eigendur katta í Húnaþingi vestra skulu greiða sveitarsjóði skráningargjald sem ætlað er að standa undir kostnaði skv. 10. gr. samþykktar um hunda- og kattahald í Húnaþingi vestra nr. 297/2013.

Við umsókn um skráningu kattarins skal innheimta gjald að upphæð kr. 1.750.

Ef endurnýja þarf merkispjald skal innheimta gjald að upphæð kr. 1.400.

Innifalið í leyfisgjaldinu er merkispjald auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 21. nóvember 2013 öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld brott gjaldskrá fyrir kattahald í Húnaþingi vestra nr. 194/2012 og gjaldskrá fyrir hundahald í Húnaþingi vestra nr. 195/2012.

*Hvammstanga, 19. mars 2014.*

**Skúli Þórðarson** sveitarstjóri.